



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

83.fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 10.des.1983,kl.5 e.h. Mættir voru:Jóni Böðvarsson skólameistari,Gunnar Sveinsson form.skólanefndar,Ingólfur Halldórsson,aðstoðarskólameistari,Halldór Guðmundsson, Ingimundur Guðnason,Hreinn Ásgrímsson,Ómar Bjarnþórsson, Bogi Hallgrímsson,Gísli Torfason fulltrúi kennara, Valtýr Guðjónsson ritari.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari gerði grein fyrir því að hann þyrfti að fá launalaust leyfi frá skólanum frá næstu áramótum vegna starfa, sem bíða hans í Iðnaðarráðuneyti,m.a. við undirbúning iðnsögu,orðanotkun í iðnfögum og greinargerð um tengsl iðnmenntunar við almennar menntir. Svohljóðandi tillaga var samþykkt:

"Skólanefnd samþykkir að veita skólameistara launalaust leyfi fráastörfum í janúarmánuði 1984 og júní-des. 1984 til þess að starfa þann tíma í iðnaðarráðuneyti. Jafnframt samþykkir skólanefnd að Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari gegni störfum skólameistara þann tíma,meðán á ofnagreinðu leyfi stendur."

Ingólfur lýsti sig fúsan að gegna starfinu og tók fram að launakjör hans yrðu að vera í samræmi við starfið. og ekki verri en þau sem hann nýtur nú.

2. Formaður las bréf frá menntamálaráðuneyti þar sem það tilkynnir að frá og með næstu áramótum endurgreiði ríkissjóður aksturskostnað v.nemendur einungis 50% að frádreginni upphæð sem nemur daglegu ~~ssstrætisvagná-fargjaldi~~ hvers nemenda.

Skólanefnd ræddi málið og samþykkti að sveitarfélögin greiði þennan kostnað á vorönn 1984, en málið í heild verði tekið til umræðu í sveitarfélögunum til ákvörðunar um framtíðarskipulag fyrir haustönn 1984.

3. Skólameistari vitnaði til fjárlagagerðar fyrir árið 1984, en fjárlög munu gera ráð fyrir framlögum til skólans eins og hér segir:

Laun	14.796.000
Önnur rekstragjöld	1.900.000
Stofnkostnaður	<u>800.000</u> samtals kr.17.404.000

Benti hann á að kennslumagn yrði að miða við niðurstöður fjárlaga eins og framast væri kostur á þess þó að skerða menntunarmöguleika nemenda. Fjárhagsvandi yfirstandandi árs stafar að verulegu leyti af vanáætlun í fjárlögum yfirstandandi árs. Halldór ítrekaði að gæta þyrfti til hins ítrasta samræmis milli námsframboðs og fjárlaga því aukafjárveitingar úr ríkissjóði yrðu ekki auðfengnar.

Kosnir voru tveir fulltrúar frá skólanefnd til þess að yfirfara með skólameistara ásamt tveim kennurum skólans áætlun um kennslumagnið árið 1984. Kosnir voru Ómar og Hreinn.

4. Tilkynningar skólameistara:

A. Sótt var um fjárveitingar úr listskreytingasjóði menntamálaráðuneytisins til þess að kaupa málverkin "Jökulinn" eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur (38.000) og "Tvenna tíma" eftir Óskar Jónsson (8.000). Hákon Torfason deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, hefur tilkynnt skólameistara að stjórn sjóðsins hafi samþykkt kaup á málverki Þorbjargar, og taldi líklegt að heimilað verði að kaupa einnig mynd Óskars. Bæði málverkin eru hingað komin og eru til sýnis hér á fundinum.

B. Rafmagnsverktakar Keflavíkur hf hafa með bréfi dags. 6. des. sl. tilkynnt að þeir gefi skólanum "stýritölvu" til kennslu á rafiðnabraut, að verðmæti kr. 145.000. Skólameistara og formanni var falið að þakka gjöfina.

C. Út er komin 3. útgáfa af "námsvísi" fjölbrautaskóla. Að útgáfunni standa að þessu sinni: Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskólinn á Akranesi, Flensborgarskólinn, Framhaldsskólar á Austurlandi, og Framhaldsskólinn í Vestmanneyjum. Starfsmenn fyrst nefnda skólans ritstýrðu þessari útgáfu. 20 skólar starfa eftir námsvísinum þetta skólaár. Hörður Lárusson, deildarstjóri menntamálaráðuneytisins, hafði umsjón með endurskoðun námsvísisins, en Námsgagnaskofnun mun annast sölu og

dreifingu hans. Er það nýjung. Hingað til hafa nemendur fengið námsvísi fjölbrautaskóla ókeypis, en framvegis verður hann seldur, og mun ráðuneytið hafa ákveðið að útsöluverð hans verði kr. 80.00. Námsvísirinn er 160 blaðsíður, og kápan rauð að lit.

- D. Flugmálastjórn- loftferðaeftirlit hafa farið þess á leit að fluglíðabraut verði starfrækt við skólann árið 1984, með sama hætti og undanfarin ár. 16 umsóknir hafa þegar borist, þótt ekki hafi birtst auglýsing um innritun. Samp.
- E. Auglýst var meistaranám í byggingagreinum, og var umsóknarfrestur til 12.nóv. Aðeins bárust 10 umsóknir.
- F. Innritunarfresti fyrir vorönn 1984 -bæði dagskóla og öldungadeild- lýkur föstudag 16.des. Næsti dagur er prófsynidagur, en skólaslitaathöfn verður sunnudaginn 18.des. n.k.

- G. Keflavíkurverktakar hafa með bréfi dags.20/10.sl. tilkynnt að þeir gefi skólanum "kennslutæki í kælitækni" til notkunar við kennslu á vélstjórnarbraut, og til námskeiðshalds fyrir starfsfólk í frystihúsum og fleiri aðila í atvinnulífinu, að verðmæti kr. 320.000- Skólameistara of fromanni falið að þakka gjöfina. B og G liðar er áður getið í fundargerðum.

- 5. Rætt var um lóðarleigumál að Iðavöllum 1. Aðstoðarskólameist var falið að ræða málið vin landeigendur.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.